

Það er gaman á skíðum

Árni Sigurjónsson

Satt að segja eru ár mín í Melaskóla eru sveipuð þoku í minningunni.

En hvað skyldi annars stýra því hvort maður á fáar eða margar minningar frá einhverju tilteknu æviskeiði? Ef maður á fáar minningar, þýðir það þá að það hafi verið ómerkilegur og leiðinlegur tími? Eða þýðir það kannski fremur að sá tími hafi verið góður og friðsæll? Eflaust standa hin óvenjulegri atvik uppúr, til að mynda skólaferðalagið sem var svo skemmtilegt eða eineltið sem var svo leiðinlegt. Frávikin voru án efa lærdómsrík, en engu að síður var hinn öruggi hversdagur sá tími þegar við vorum bara að vaxa og dafna í skjóli hæfilega strangs lærimeistara sem skapaði okkur næði til að þroskast í friði, „langt frá heimsins vígaslóð“.

Mér gekk alltaf frekar vel í stafsetningu.

Dag nokkurn áttum við að skrifa nafn okkar og heimilisfang hvert utan á sitt umslagið og ég hafði skrifað áritunina „Ægissíðu 58“. Dagný hafði yfirleitt gott hljóð í bekknum og svo var í þetta skipti, dauðþögn ríkti þegar hún skálmaði til mín með umslagið í hendi, ströng á svip, og allir krakkarnir fylgdust með. Hún beygði sig að mér og horfði djúpt í augu mín, hristi þvínæst höfuðið dapurlega og sagði eins og hún væri að tala við Brútus: „Og skrifar þú tvö ess í Ægisíða, Árni minn?“ Og bætti svo við með beiskjublandinni undrun í rómnum, „Öðlingurinn!“ Svona hrösun hefði Dagný aldrei trúað uppá mig að óreyndu.

Þessi minning er víst dæmi um hvernig mistök sem maður gerir geta setið í manni, jafnvel ævilangt.

Við höfðum rætt þetta oft en einu sinni við kvöldmatarborðið heima: þá staðreynd að jafnvel þótt það stæði skýrum stöfum „Ægisíða“ á skiltinu framan á húsinu okkar, þá átti vissulega að skrifa nafnið með tveimur essum. Á skiltinu var einfaldlega prentvilla. Fyrir tveimur essum var ekki aðeins aukinn meirihluti á

heimilinu heldur einnig óhrekjanleg og auðsæ málfræðileg rök. Ægis-síða — síða Ægis. Einfaldara gat það varla verið. Málið var upplýst.

En nú var skyndilega komið fram nýtt og marktækt átorítet í málinu: Sjálf Dagný.

Það verð ég að játa lærimóður minni nú að ég skrifaði tvö ess í þessu orði næstu fjörutíu árin og mætti kannski kalla slíkt einbeittan brotavilja. Þá gerðist það í fyrra að ég fékk í hendur skjöl frá skipulagsyfírvöldum borgarinnar þar sem haft var eitt ess í þessu götuheiti með samræmdum og ófrávíkjanlegum hætti á svo mörgum pappírurum að ég átti einskis annars úrkosta en víkja frá villu minni. Dagnýju hafði semsé ekki skjátlast, ekki frekar en vant var.

Neðanmáls má svo geta þess að hin virðulega samkunda við kvöldmatarborðið á Ægisíðu 58 þurfti þennan dag að útskýra hvað orðið „öðlingur“ þýddi og stóð það ekki í mönnum enda sumir á kafi í dróttkvæðum í menntaskólanum. Veit ég ekki betur en þær orðskýringar hafi staðist tímans tönn.

Skólaferðalögin stóðu uppúr. Ég á ljósmynd af bekkjarsystkinum mínum við rútu sem ég held að hafi verið tekin í ferðalagi að Lóndröngum á Snæfellsnesi. Það var gaman og drangarnir fínir en aðalatriðið í svona ferðalögum var nú kannski nestið. Maður reyndi að láta lítið bera á hallærislegu kæfubrauði en kremkexið mátti sjást. Og auðvitað Sínalkóið.

Það skólaferðalag sem ég man gleggst er reyndar skíðaferð í Jósepsdal. Dalur þessi týndist af mínu landakorti um alllangt skeið og gat ég með engu móti fundið út hvar hann var. Þetta varð eins og Eldorado eða Þórisdalur í þjóðsögunum, dalurinn var rétt hjá borginni, að mig minnti, en enginn fór þangað frammar, enginn sem ég spurði vissi hvar hann væri, hann hvarf. En um síðir kom hið sanna auðvitað í ljós og Jósepsdalur er ekki glataðri en til dæmis Furumelur; hann er til.

Sum bekkjarsystkina minna höfðu farið nokkrum sinnum á skíði og sviguðu glæsilega ofan brekkurnar svo aðdáun vakti. Flest hinna viðurkenndu bara að þau kynnu ekki þessa íþrótt og fóru sér hægt. En ég fyrir mitt leyti átti hins vegar erfitt með að horfast í augu við staðreyndir og glannaðist fyrir en varði upp í brekkur sem ég réði ekki við.

Sem kunnugt er, er það tvennt sem skíðaiðkendur þurfa að tileinka sér öðru fremur, annað er að beygja og hitt að bremsa; og kunni ég hvorugt. Reynsla mín af skíðaiðkun var einskorðuð við að standa á gönguskíðum mömmu minnar sem voru án efa keypt fyrir Alþingishátíðina 1930 eins og svo margt fleira og var þá hvorki búið að finna upp stálkantinn né öryggisbindingarnar. Á þessu hafði ég paufast fáeinum sinnum í fjörunni heima, en þá var ekki farið að gæta gróðurhúsaáhrifa í hverfinu í sama mæli og nú. Þegar hér er komið sögu þarf varla að segja lesandanum að ég meiddi mig nokkuð illa þarna í Eldorado, en það athyglisverða við slysið var að það gerðist þannig að vinstra skíðið stakkst ofan í hveraholu og kom þá til kasta vogarstangarafilsins sem skaut mér til himins. Sjónarvottar að þessari loftsiglingu hafa að vísu sannfærst um að ég var ekki efni í skíðamann en hins vegar hlýtur að hafa hvarflað að þeim að ég gæti átt framtíð fyrir mér í stangarstökki. Skemmdi ég skíðið, sneri mig illa og gekk haltur í tvær vikur á eftir en slapp með það. Grunar mig að viðstöddum hafi þótt þessar aðfarir minna nokkuð á hina seinheppnu og klaufsku önd, Andrés, en við hann er einmitt kennd einhver skíðakeppni sem mig hefur lengi langað til að sjá til samanburðar við eigin afrek í þessari grein.

Ég man að Dagný var með flott sólgleraugu í ferðinni og var það í fyrsta sinn sem ég sá einhvern með sólgleraugu í snjó. Hún kunni að búa sig rétt þarna sem endranær, enda heimskona.

En stelpurnar, fannst stelpunum ég flottur á skíðum? Ónei, það fannst þeim áreiðanlega ekki. Og verkjaði mann auðvitað meira í sálina en fótinn af þessu myndræna óhappi, þegar á allt var litið. Andrésarleg gremja mín leiddi til þess að ég ákvað að skíðaíþróttin væri heimskuleg og leiðinleg íþrótt alveg þangað til ný kynni tókust með okkur nú um árþúsundamótin og þótti mér þá sannast að betra væri seint en aldrei.

Það er gaman á skíðum.